

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, varðandi heilgunarreitar Stakkstæðis

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks þars sem óskað er eftir því að fá gögn frá Borgarsögusafni þar sem heimilt er að staðsetja byggingar innan 15 metra heilgunarreitar Stakkstæðis. Stakkstæðið hefur verið afmarkað af Borgarsögusafni og 15 metra heilgunarreitir umhverfis það eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 gera ráð fyrir.

## Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, varðandi helgunarsvæði Stakkstæðis

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks þar sem óskað er eftir því að fá gögn frá Borgarsögusafni þar sem heimilt er að staðsetja byggingar innan 15 metra helgunarsvæðis Stakkstæðis. Stakkstæðið hefur verið afmarkað af Borgarsögusafni og 15 metra helgunarsvæði umhverfis það eins og lög um menningarminjar nr. 80/2012 gera ráð fyrir.

### Umsögn

Í ný samþykktri deiliskipulagsbreytingu Sjómannaskólareits samþ. í borgarráði 13.02.2020, kemur eftirfarandi fram í sérskilmálum vegna bygginga í lið 8.11 reitur K en þeir skilmálar eiga við um þær byggingar sem liggja að umræddu stakkstæði (K1, K2, K3 og K4).

Kafli 8.11.1 Húskerð: Heimilt er að byggja einnar, tveggja og þriggja hæða íbúðabyggingar, auk rishæðar með kvistum. Sjá nánar þakgerðir í kafla 8.12.2 Húshæðir og þök. Íbúðasvalir eru heimilar á öllum hliðum bygginganna og mega fara út fyrir byggingareit um allt að 1 meter, **nema þar sem 15m helgunarreitur stakkstæðis er skilgreindur, þar mega svalir ekki fara út fyrir byggingarreit.** Burðarvirki svala má ekki fara út fyrir byggingarreit á jarðhæð. Svalagangur er heimilaður, þakform er frjálst. **Útitröppur við innganga eru heimilaðar og mega ná út fyrir byggingarreit, þær mega ekki vera staðsettar á 15 metra helgunarreit Stakkstæðis.** Einstaka minniháttar byggingarhlutar s.s. þakskegg og gluggafrágangur sem felur í sér útkrögun mega fara 30 sm út fyrir byggingareit. Skyggni yfir inngangi má ekki fara yfir 1,2 metra út fyrir byggingareit.



Mynd: Deiliskipulagsuppráttur blað 2. Eins og sést á mynd hér t.v. þá fer byggingarreitur hvergi inn fyrir 15 metra helgunarsvæði minja.



Aðkoma Borgarsögusafns var fyrst og fremst að afmarka svæðið og skilgreina minjarnar í Fornleifaskrá og húsakönnun (skýrsla 198) sem unnin var á árinu 2019 af Önnu Sofíu Kristjánsdóttur, Önnu Lísu Guðmundsdóttur og Drífu Kristínu Þrastardóttur hjá Borgarsögusafni.

Í fornleifaskráningu kemur fram að um yngri minjar, frá 1933, sé að ræða og eru þær skv. því ekki friðaðar. Bent er á mikilvægi minjanna en um minjagildi þeirra segir m.a. „*Reiturinn er eini fiskreiturn sem eftir er í Reykjavík af mörgum sem áður settu svip á bæinn. Því er um einstakar minjar að ræða sem tengjast atvinnuögu Reykjavíkur, fiskvinnslu og fiskverkafólki. Lagt er til að svæðið verði hverfisverndað og því verði hlíf fyrir framkvæmdum*“.

Deiliskipulagstillagan staðfestir hverfisvernd minjanna sjálfra og 10 metra helgunarsvæðis. Þrátt fyrir að byggingarreitir K3 í deiliskipulagi fari að hluta upp að 15 metra helgunarsvæði minjanna þá kemur skýrt fram í lið 4 í almennum skilmálum um umhverfisáhrif, **að ekki sé heimilt að aka um eða yfir græn svæði og minjar né raska þeim á framkvæmdatíma.**

Hvorki Minjastofnun né Borgarsögusafn hafa gert athugasemd við 10 metra afmörkun hverfisverndar frá hinum eiginlegu minjum enda kemur skýrt fram í skilmálum að minjarnar njóti verndar og að 15 metra helgunarsvæði þeirra skuli virt, óháð því hvort sett sé hverfisvernd eða ekki.

#### Niðurstaða:

Ekki er heimilt að raska umræddu minjasvæði né fara með byggingu eða einstaka hluta hennar inn fyrir 15 metra afmörkun þess. Á framkvæmdatíma skal gæta þess að minjar raskist ekki og ekki má fara inn fyrir 15 metra afmörkun þeirra á meðan á framkvæmdum stendur. Lagt verður til við byggingarfulltrúa að fara fram á það við framkvæmdaaðila að 15 metra línán verði girt af á meðan á framkvæmdum stendur.

f.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík.

Guðlaug Erna Jónsdóttir, arkitekt/verkefnisstjóri.